

Fimmtudaginn 17. september 1998.

Nr. 498/1997.

Útgerðarfélagið Skálar ehf.

(Baldur Guðlaugsson hrl.)

gegn

Péttri Stefánssyni

(Skarphéðinn Þórisson hrl.)

Lausafjárkaup. Riftun. Virðisaukaskattur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 12. desember 1997. Hann krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 8.740.000 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 26. maí 1994 til greiðsludags. Hann krefst einnig málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Svo sem rakið er í héraðsdómi, er mál þetta sprottið af viðskiptum aðila 12. júlí 1993, en þann dag keypti áfrýjandi loðnunót af stefnda fyrir 12.000.000 króna. Að auki skyldi áfrýjandi greiða virðisaukaskatt, 2.940.000 krónur. Samkomulag varð um riftun kaupanna á fyrri hluta árs 1994, og fékk stefndi umráð hins selda að nýju í júní sama árs. Hafði áfrýjandi þá greitt 8.800.000 krónur af kaupverðinu og að auki áðurnefndan virðisaukaskatt. Námu greiðslur hans vegna kaupanna því samtals 11.740.000 krónum. Í máli þessu sækir hann stefnda til að endurgreiða þá fjárhæð að frá-dregnum 3.000.000 króna, sem hann telur vera hæfilega lækkun vegna kostnaðar stefnda við að yfirfara og gera við nótina, eftir að áfrýjandi hafði notað hana við loðnuveiðar frá júlí 1993 til janúar 1994. Telur hann, að uppgjör vegna viðskiptanna eigi að fara fram á grundvelli almennra reglna, sem gildi við riftun. Með því að hann hafi sjálfur skilað söluhlutnum til stefnda, beri hinum síðarnefnda

að skila mótteknum fjármunum að frátöldum eðlilegum kostnaði við að fara yfir og gera við nótina.

Kaup málsaðila gengu til baka með samkomulagi þeirra, og fékk stefndi hið selda í hendur að nýju. Ber honum samkvæmt því að skila mótteknum fjármunum, og kemur þá ekki til sérstakrar skoðunar, hvort galli var á söluhlutnum, sem réttlætti riftun kaupanna. Er einkum til úrlausnar í málinu, hvort stefndi eigi gagnkröfur á áfrýjanda, sem hann geti nýtt til skuldajafnaðar í uppgjöri þeirra vegna kaupanna.

II.

Stefndi ber fyrir sig, að áfrýjandi hljóti að hafa getað nýtt greiðslu sína á virðisaukaskatti sem innskatt í skattuppgjöri sínu. Séu því ekki rök til að játa honum rétt til að fá fjárhæð, sem skattinum nemi, greidda úr hendi stefnda. Ekki eru efni til að undanþiggja stefnda skyldu til að endurgreiða áfrýjanda virðisaukaskattinn, en gera verður ráð fyrir, að úr álitaefnum, er varða umrædda skattgreiðslu, fái málsaðilar að upp kveðnum dómi þessum leyst hvor fyrir sig með atbeina skattyfirvalda, sbr. dóm Hæstaréttar í dómasafni 1995, bls. 1091.

Málsaðila greinir ekki á um, að notkun áfrýjanda á nótinni hafi leitt til þess, að leggja hafi þurft í kostnað við að fara yfir og gera við hana. Þeir eru hins vegar ekki á eitt sáttir um, við hvaða fjárhæð beri að miða í því efni. Stefndi seldi nótina árið 1996, án þess að hún hafi verið yfirfarin eða gert við hana, og lét hann hjá líða að afla mats á kostnaði af slíku verki. Áfrýjandi hefur lagt fram í málinu ódagsett bréf Netagerðar Friðriks Vilhjálmssonar hf. í Neskaupstað, sem hefur að geyma svar við fyrirspurn um kostnað við að yfirfara svokallaðar djúpnætur eftir notkun. Segir þar, að kostnaður sé misjafnlega mikill milli ára og fari eftir notkun og hve mikið sé endurnýjað af nótinni. Er jafnframt greint frá kostnaði af einstökum slíkum verkum hjá félaginu árin 1993 og 1994. Styður áfrýjandi með vísan til þessa boð sitt um lækkun endurgreiðslukröfu sinnar um 3.000.000 króna, þar sem jafnframt sé talinn með kostnaður af viðgerð á nótinni. Var í málatalbúnaði hans fyrir Hæstarétti með öllu hafnað, að stefndi gæti átt rétt á frekari lækkun kröfunnar af þessum eða öðrum ástæðum. Pykir mega leggja þá fjárhæð til grundvall-

ar í uppgjöri málsaðila, en stefndi hefur ekki lagt fram nein gögn til stuðnings því, að þennan kostnað beri að ákvarða hærri en áfrýjandi hefur boðið.

Stefndi gerir loks kröfu um, að til frádráttar kröfu áfrýjanda komi greiðsla fyrir afnot hans af nóttinni. Telur stefndi, að verðmæti, sem áfrýjandi hafi dregið úr sjó með henni, hafi numið um 100.000.000 króna. Sé eðlilegt að miða við, að áfrýjandi greiði ákveðið hlutfall af þeirri fjárhæð í leigu, og geti talist hæfilegt að miða við, að 10–15% aflaverðmætisins skuli falla í hlut stefnda. Í málaltilbúnaði stefnda kemur einnig fram, að nóttin hafi á söludegi verið sjö ára gömul. Hafi hún verið seld áfrýjanda fyrir því sem næst hálfvirði miðað við nýja nótt. Nóttin hafi þá ekki verið mikið notuð, en endingartími slíks veiðarfæris sé frekar stuttur. Nánari skýring á því liggur ekki fyrir í málinu.

Í héraðsdómsstefnu lýsti áfrýjandi yfir, að frá endurgreiðslukröfunni ætti að dragast sá hagur, sem hann hefði haft af tímabundnum afnotum nótarinnar. Verður samkvæmt því lagt til grundvallar dómi, að endurgjald skuli koma fyrir afnot áfrýjanda af henni, þótt ágreiningur sé um, með hvaða fjárhæð þau skuli bætt. Þykir mega ákveða að álitum, að greiðsla áfrýjanda í þessum þætti málsins, sem komi til frádráttar kröfu hans, skuli nema 2.400.000 krónum. Er þá meðal annars litið til þess, að áfrýjandi hefur ekki vefengt skýringar stefnda á verðmæti nótarinnar miðað við nýja nótt og um endingartíma slíkra veiðarfæra.

Samkvæmt öllu framanröktu verður krafa áfrýjanda tekin til greina með 6.340.000 krónum. Um dráttarvexti af þeirri fjárhæð verður að líta til þess, að áfrýjandi krafðist fyrst endurgreiðslu með bréfi 26. apríl 1994, þar sem krafa var þó ekki höfð uppi vegna virðisaukaskatts af kaupverði nótarinnar, heldur var hún fyrst gerð í héraðsdómsstefnu. Verður stefndi því dæmdur til að greiða dráttarvexti af 3.400.000 krónum frá 26. maí 1994 til 20. febrúar 1997, þegar málið var þingfest í héraði, en af 6.340.000 krónum frá þeim degi til greiðsludags. Stefndi skal jafnframt greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem er ákveðinn í einu lagi, eins og í dómsorði segir.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Pétur Stefánsson, greiði áfrýjanda, Útgerðarfélaginu Skálum ehf., 6.340.000 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 3.400.000 krónum frá 26. maí 1994 til 20. febrúar 1997, en af 6.340.000 krónum frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi greiði áfrýjanda samtals 450.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 18. september 1997.

Mál þetta, sem dómtekið var 2. þessa mánaðar, er höfðað með stefnu, þingfestri 20. febrúar 1997.

Stefnandi er Skálar hf., kt. 420793-2009, Eyrarvegi 16, Þórshöfn.

Stefndi er Pétur Stefánsson, kt. 141043-4559, Eskihvammi 4, Kópavogi.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði gert að greiða stefnanda 8.740.000 kr. með dráttarvöxtum samkvæmt 10. og 12. gr. vaxtalaga með síðari breytingum frá 20. maí 1994 til greiðsludags.

Af hálfu stefnda er þess krafist, að hann verði algjörlega sýknaður af kröfum stefnanda og stefnanda gert að greiða stefnda málskostnað að mati dómsins.

I.

Með kaupsamningi, dagsettum 12. júlí 1993, seldi stefndi stefnanda sjö ára gamla loðnunót, svonefnda djúpnót, 276 fermetra langa á efri tein og 98,5 fermetra á dýpt. Umsamið kaupverð var 12.000.000 kr. að viðbættum virðisaukaskatti, 2.940.000 kr. Nótin var notuð við loðnuveiðar á báti stefnanda, Júpíter. Telur stefnandi, að fljótlega eftir, að notkun nótarinnar hófst um miðjan júlí sama ár, hafi óeðlilega mikill grútur safnast í hana, sem gert hafi það að verkum, að erfitt hafi reynst að draga hana, og auk þess hafi netið dregist verulega til í henni. Eftir að stefnandi lét stefnda vita af þessum vandkvæðum við notkun nótarinnar, urðu aðilar ásáttir um að reyna hana frekar, þar sem hugsanleg skýring á mikilli grútarsöfnun var talin geta verið óvenjuféit og átumikil loðna á norðurmiðum, þar sem Júpíter var við veiðar á sumarvertíð. Stefnandi kveður netin hafa síðar verið reynd í september-október 1993, án þess að nokkur munur hafi virst á umræddum vandkvæðum við notkun hennar. Nótin var tekin upp 27. október 1993 og skoðuð af netagerðarmönnum, sem stefnandi hafði til kvatt. Staðfestu skoðunarmenn með bréfi sama dag, að nótin væri mjög grútuð og tildregin og yrði aldrei að notum, „fyrr en garnið, sem hefur þessa óeðlilegu ánetjun,

verði fjarlægð úr nóttinni. . .“, eins og orðrétt segir í niðurlagi bréfsins. Þá var nótin slitþolsprófuð tveimur dögum síðar. Í niðurstöðu Guðna Þorsteinssonar, starfsmanns hjá Hafrannsóknastofnun, um þá prófun, sem gerð var samkvæmt staðli ÍST 109, kemur fram, að möskvatildiráttur hafi dregið úr mældu slitþoli, en það var nokkuð undir því, sem eðlilegt mátti telja. Sterkar líkur bendi því til þess, að netið hefði eðlilegt slitþol, ef möskvatildirátturinn kæmi ekki til. Væri mikill grútur í netinu, sem leiddi til tildiráttar möskva. Þá segir í skýrslunni, að ekki sé gott að segja til um, hvort það sé fburði netsins að kenna, að það hafi drukkið svo mjög í sig fituna úr loðnunni, en nú sé svo komið, að fburðurinn sé að skolast út miklu fyrr en eðlilegt geti talist. Þá sé ekki heldur unnt að skera úr um það, hvort tildiráttur hafi orðið á netinu, áður en bera hafi farið á fiskifitunni.

Eftir viðræður aðila var það niðurstaða þeirra, að kaupin skyldu ganga til baka, og skilaði stefnandi nóttinni til nafngreinds netagerðarmanns í byrjun júnímánaðar 1994. Hafði stefnandi þá eftt kaupsamninginn að öðru leyti en því, að lokagreiðslan, 3.200.000 kr., sem greiða átti með víxli með gjalddaga 5. ágúst 1994, hafði ekki verið innt af hendi. Með bréfi, dagsettu 20. febrúar 1995, lýsti stefndi yfir, að þeirrar greiðslu yrði ekki krafist. Greiddi stefnandi því stefnda samtals 8.800.000 kr. fyrir nóttina af kaupverði hennar auk virðisaukaskatts. Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir hafa aðilar ekki náð samkomulagi um uppgjör á viðskiptunum, en stefndi seldi nóttina fyrir 3.000.000 kr. samkvæmt reikningi, dagsettu 20. maí 1996.

II.

Stefnandi reisir kröfur sínar á hendur stefnda á almennum reglum kröfu- og kauparéttar um uppgjör kaupverðs við riftun og lögum nr. 39/1922. Óumdeilt sé, að stefnandi hafi illa unað ástandi nótarinnar og ekki talið hana fullnægja áskildum kröfum. Hafi þess vegna orðið að samkomulagi, að kaupin gengju til baka. Telur stefnandi því, að skuldaskil skuli fara þannig fram, að hvorum aðila beri að skila hinum því, sem hann hafi fengið, og síðan verði kostnaður þeirra og tap fundið og jafnað með peningagreiðslum, ef á þurfi að halda. Miðar stefnandi við, að sér beri að fá bættan allan kostnað sinn af kaupunum auk annars tjóns, sem hann hafi orðið fyrir vegna kaupanna, og að frá þeim bótum dragist sá hagur, sem hann hafi haft af tímabundinni notkun nótarinnar. Kostnaður stefnanda af kaupunum felist í flutningi, skoðun og mati á nóttinni auk þvotts og annarrar aukinnar vinnu starfsmanna stefnanda við nóttina vegna hinnar gífurlegru grútaröfnunar. Við þetta bætist útgerðartap stefnanda, sem felist m. a. í auknum tilkostnaði við veiðarnar, svo sem aukinni olíunotkun vegna aukinnar þyngdar nótarinnar. Stefnandi hafi ekki tekið saman þennan kostnað eða talið

borga sig að láta dómkvadda matsmenn meta hann, en telji hann geta hlaupið á 2–3 milljónum kr. Leggi stefnandi það í mat dómara að meta að álitum bætur vegna þessa þáttar.

Stefnandi hafi í viðræðum sínum lýst sig reiðubúinn að lækka endurgreiðslukröfu sína um 3.000.000 kr. til að tryggja, að ekki muni halla á stefnda við uppgjör aðila. Taki stefnandi fram, að í slíku uppgjöri taki stefnandi ekki fullt tillit til eigin kostnaðar af kaupunum. Sé krafa stefnanda því sú, að stefnda verði gert að endurgreiða stefnanda 8.740.000 kr. af kaup-samningsgreiðslum, þ. e. 11.740.000–3.000.000 kr. Telji stefnandi, að verði stefnda talið rétt að halda eftir frekari greiðslum af kaupverði nótarinnar, muni stefndi hagnast verulega á riftun kaupanna.

III.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að stefnandi hafi ekki sýnt fram á, að hann eigi nokkra lögvarða kröfu á hendur stefnda. Hafi málsaðilar orðið sammála um, að kaupin á nótinni gengju til baka, en deilt sé um fjárhagslegt uppgjör. Í því sambandi eigi stefndi rétt á greiðslu fyrir eftirfarandi:

a. Eðlilega leigugreiðslu fyrir umtalsverða notkun á nótinni. Í þessu sambandi verði að taka mið af aflaverðmæti, en talið sé, að stefnandi hafi veitt í nótina loðnu, sem samsvari 100 milljónum kr. í aflaverðmæti. Telji stefndi eðlilega leigugreiðslu fyrir notkun á loðnunót geta samsvarað um 10–15% af aflaverðmæti. Sé þá tekið mið af aflaverðmæti loðnunótar og til-tölulega stuttri notkun, m. a. vegna eðlilegs slits.

b. Greiðslu fyrir eðlilegt viðhald á nótinni eftir notkun á sumar-, haust- og vetrarvertíð. Erfitt sé að segja nákvæmlega til um þennan kostnað, enda hafi stefnandi ekki látið meta hann, þegar það hafi verið mögulegt. Áætli stefndi þennan kostnað um 3,5-4,0 milljónir kr. Hvíli sönnunarbyrði um þetta að sjálfsögðu á stefnanda.

c. Tjón á nót, sem rekja megi til þess, að starfsmenn stefnanda hafi misst hana fyrir borð, sennilega í janúar 1994, með þeim afleiðingum, að tveir bálkar hafi skemmst, þ. e. 4000 möskvar. Áætli stefndi þetta tjón vera um 1,0-1,5 milljónir kr. Hafi stefnandi ekki heldur látið meta þetta, og hljóti hann að bera hallann af því.

Ef allir ofangreindir liðir séu lagðir saman, sé ljóst, að greiðsla stefnanda til stefnda sé ekki há og í raun mjög lág, ef tillit sé tekið til áætlaðs aflaverðmætis stefnanda. Sé krafa stefnanda á hendur stefnda því fjarri raunveruleikanum og þar að auki algjörlega órökstudd.

Þá er því jafnframt haldið fram af hálfu stefnda, að stefnandi hafi tekið einhverja áhættu sjálfur með því að kaupa sjö ára gamla loðnunót og greiða fyrir hana verð, sem samsvarað hafi hálfvirði nýrrar nótar. Geti notaðar

nætur aldrei jafngilt nýjum ónotuðum nótum. Jafnframt virðist stefnandi hafa sætt sig við ástand hins keypta og ekki nýtt sér þann rétt sinn að láta eigin sérfræðinga rannsaka nótina m. t. t. hugsanlegra galla, t. d. vegna aldurs og slits. Hafi stefndi ekki vitað til þess, að nótin hefði neina sérstaka galla, er hún hafi verið seld stefnanda. Hafi hún því verið seld í góðri trú um gæði hennar. Sé ekki óhugsandi, að ætlaðir gallar hafi komið til eftir kaup og við notkun stefnanda sjálfs. Um það liggja ekkert fyrir í málinu, og verði stefnandi að bera hugsanlegan skaða af því sjálfur.

Krafa stefnanda um riftun kaupa á nótinni hafi ekki komið fram fyrir en a. m. k. í byrjun vetrarvertíðar 1994. Hafi nótin verið í fullri notkun bæði á sumar- og haustvertíð og sennilega fyrsta mánuð vetrarvertíðar. Hljóti stefnandi að bera hallann af því að nota nótina áfram þrátt fyrir ætlaða galla og fullyrðingar um ónothæfa nót.

Fullyrðingar stefnanda um nótina séu athyglisverðar í ljósi þess mikla afla, sem sannanlega hafi veiðst með henni á sjö mánaða tímabili. Verði að skoða kröfugerð stefnanda með hliðsjón af aflamagni, og sé sanngjarnt að gera strangari kröfur til stefnanda um sönnun með hliðsjón af sama.

Að lokum mótmælir stefndi þeim þætti kröfugerðar stefnanda, er snýr að virðisaukaskatti. Hafi stefnandi greitt stefnda þann skatt, 2.940.000 kr., með ávísun, sem innleysa hafi mátt í banka í fyrsta lagi 3. október 1993. Hafi stefnandi væntanlega getað nýtt sér greiðsluna sem innskatt í virðisaukaskattsuppgjöri sínu, og hafi hún því ekki sjálfstætt gildi í málarekstri þessum.

IV.

Í kaupsamningi aðila frá 12. júlí 1993 um loðnunót þá, er deilt er um í máli þessu, segir, að hún sé seld í „góðu ástandi að mati seljanda og Guðmundar Sveinssonar netagerðarmeistara“, en nótin var geymd á verkstæði hins síðarnefnda. Í aðilaskýrslu Hilmars Þórs Hilmarssonar, framkvæmdastjóra stefnanda, kemur meðal annars fram, að engin skoðun eða úttekt hafi farið fram á nótinni af hálfu stefnanda, áður en kaupin voru gerð. Verður því eigi við annað miðað en nótin hafi verið í því ástandi, sem ofangreint ákvæði í kaupsamningi segir til um, er stefnandi hóf loðnuveiðar með henni á skipinu Júpíter, en nótin var þá sjö ára gömul. Ber því að leggja sönnunarbyrði um hið gagnstæða á stefnanda.

Að beiðni skipstjóra á áðurnefndu skipi voru þeir Hallgrímur Júlíusson frá Neti hf., Vestmannaeyjum, og Steindór Björnsson og Jón Bjarnason frá Netagerð Friðriks Vilhjálmssonar fengnir 27. október 1993 til að skoða og mæla riðil í loðnunótinni, er skipið var í Neskaupstað. Í skýrslu þeirra um

skoðunina segir, að netið í nóttinni, sem hafi öll verið útötuð í grút nema 40 faðmarnir frá poka, hafi verið mjög tildregið og laust í hnútum og hægt að draga þá til á því milli handanna og breyta lögun möskvanna eftir því, hvernig tekið var í netið. Þá hafi greinilega sést, að litunin virtist fara úr nóttinni af völdum grútsins og við þvott. Í niðurlagi skýrslunnar er það álit skoðunarmanna látið í ljós, að loðnunótin komi aldrei að fullum notum, fyrr en garnið, sem hafi þessa óeðlilegu ánetjun, verði fjarlægt úr henni og með þeim hætti komið í veg fyrir grútarmyndunina.

Þá gerði Guðni Þorsteinsson, starfsmaður hjá Hafrannsóknastofnun, slitþolsprófun á möskva. Fór prófunin fram tveimur dögum eftir skoðun ofangreindra netagerðarmanna. Er það niðurstaða hans, að miðað við möskvatildrátt, sem dragi úr mældu slitþoli, sé slitþol eðlilegt. Bendi sterkar líkur til þess, að netið hefði eðlilegt slitþol, ef möskvatildrátturinn kæmi ekki til. Sé netið tæpast til stórræðanna, því að við möskvatildráttinn myndist strengir, svo að netinu hætti frekar til að rifna, þegar nokkuð reyni á. Auk þess myndist hiti við möskvatildráttinn, og dragi hann enn úr slitþoli. Þá sé mikill grútur í netinu, og leiði hann til tildráttar möskva. Síðan segir orðrétt: „Ekki er gott að segja til um, hvort það er íburði netsins að kenna, að það hafi svo mjög drukkið í sig fituna úr loðnunni. Nú er svo komið, að íburðurinn er að skolast úr miklu fyrr en eðlilegt getur talist. Ekki er heldur unnt að skera úr um það, hvort tildráttur hafi orðið á netinu, áður en bera fór á fiskifitunni. Undirritaður minnst þess ekki að hafa fengið svo gróflega tildregið net til prófunar fyrr.“

Af ofanskráðu leiðir, að ekki verður ráðið með ótvíræðum hætti af gögnum málsins, af hverju ofangreindir vankantar á nóttinni hafi stafað, og þá ekki heldur, að þeir verði raktir til atvika, sem stefndi beri ábyrgð á. Þykir stefnandi verða að bera hallann af þeim sönnunarskorti. Þá er jafnframt ósannað gegn mótmælum stefnda, að hann hafi með því að veita nóttinni aftur viðtöku viðurkennt ábyrgð sína á umræddum annmörkum.

Kaupverð nótarinnar var 12.000.000 kr., og greiddi stefnandi samtals 8.800.000 kr. af því auk virðisaukaskatts, að fjárhæð 2.940.000 kr. Er ekki ágreiningur í málinu um, að stefnandi hafi fengið þann skatt endurgreiddan úr ríkissjóði sem innskatt samkvæmt þeim reglum, er þar um gilda.

Í málinu liggur fyrir bréf frá Netagerð Friðriks Vilhjálmssonar hf. til lögmanns stefnanda frá 25. október 1995 um kostnað við yfirferð djúpnóta. Kemur þar fram, að árið 1993 hafi kostnaður við eina nót verið 1.600.000 kr. og við þrjár nætur 2.700.000 kr., 2.850.000 kr. og 3.200.000 kr. og árið 1994 við tvær nætur 5.500.000 kr. og 5.600.000 kr. Af þessum tölum verður ráðið, eins og í bréfinu greinir, að kostnaðurinn geti verið mjög misjafn milli ára

og ekki unnt að gefa neina ákveðna tölu fyrir yfirferð á djúpnót. Fer það eftir notkun, og einnig getur það verið misjafnt milli ára eftir því, hve mikið er endurnýjað af nótinni. Að meðaltali gera ofangreindar fjárhæðir 3.750.000 kr. Þá er upplýst, að nót sú, er mál þetta tekur til, fór í skrófu Júpíters í janúar 1994, áður en henni var skilað af hálfu stefnanda, en við það skemmdust tveir bálkar í henni.

Þrátt fyrir allt verður ekki annað sagt en vel hafi veiðst í nótina, en fram kom í skýrslu fyrrgreinds framkvæmdastjóra stefnanda, að aflaverðmæti úr henni á því sex mánaða tímabili, sem hún var í notkun, hafi verið um 100.000.000 kr. Þar sem nótin kom stefnanda að notum með þessum hætti og skilaði honum svo miklu aflaverðmæti sem raun ber vitni, verður að telja eðlilegt, að stefndi eigi rétt á sanngjörnu endurgjaldi úr hendi stefnanda fyrir þau afnot. Þegar það er virt, tekið er tillit til kostnaðar af venjulegri yfirferð nótar að viðbættum þeim kostnaði, sem leiddi af þeim skemmdum, er urðu á henni í meðförum stefnanda, þykir stefnandi eigi hafa sýnt fram á það með málatilbúnaði sínum, að hann eigi kröfu á stefnda vegna kaupa á nótinni. Ber því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í máli þessu, en eftir atvikum er rétt, að málskostnaður milli aðila falli niður.

Dóminn kveður upp Helgi I. Jónsson héraðsdómari.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Pétur Stefánsson, er sýknaður af kröfum stefnanda, Skálahf., í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.
